

Reykjavík, 5. júní 2025
SFS25060037

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Eftirlit með daggæslu barna í heimahúsum á árinu 2024

Með vísan til c-liðar 2. gr. viðauka 2.5, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, fer sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs með lögbindið eftirlit með starfsemi dagforeldra til samræmis við reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005.

Eftirlit með daggæslu í heimahúsum er þrípætt: Skil dagforeldra á yfirliti yfir skráð börn í gæslu, óboðaðar eftirlitsheimsóknir og könnun á viðhorfi foreldra til daggæslu. Skrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur kannað viðhorf foreldra til daggæslu annað hvert ár og var könnun lögð fyrir foreldra í ágúst 2024. Sjá má niðurstöður könnunarinnar í lok minnisblaðsins.

Samkvæmt 34. gr. reglugerðar nr. 907/2005 getur félagsmálanefnd ráðið sérstakan umsjónaraðila sem hefur með höndum ráðgjöf og umsjón með daggæslu barna í heimahúsum. Umsjónaraðilar fara í heimsóknir til dagforeldra til að veita ráðgjöf og stuðning, halda fræðslufundi og fundi með dagforeldrum og foreldrum barna ef þörf krefur. Þetta verkefni er í höndum Suðurmíðstöðvar og eru þar starfandi tveir daggæsluráðgjafar sem sinna bæði ráðgjöf og eftirliti með öllum starfandi dagforeldrum í Reykjavík. Þar sem annar daggæsluráðgjafinn fer í ráðgjöf fer hinn ráðgjafinn í eftirlit, er það gert til að tryggja að sami aðili veiti ekki ráðgjöf hjá sama dagforeldri og hann sinnir eftirliti hjá.

Í janúar 2024 voru 74 dagforeldrar með starfsleyfi til daggæslu á 56 starfsstöðum. Í janúar 2025 voru 73 dagforeldrar með starfsleyfi til daggæslu á 51 starfsstöð. Þar af voru 21 starfsstöð starfrækt þar sem tvö dagforeldri starfa saman og ein starfsstöð þar sem þrír dagforeldrar starfa saman með alls 10 börn. Eitt dagforeldri var skráð í leyfi frá störfum vegna veikinda/fæðingarorlofs og þrjár starfsstöðvar voru með skráð afleysingardagforeldri á sinni starfsstöð.

Áætlaður fjöldi starfandi dagforeldra fyrir haustið 2025 er 75 á 52 starfsstöðvum í Reykjavík.

I. Þjónustusamningar við dagforeldra

Í mars 2025 höfðu 60 af 73 starfandi dagforeldrum í Reykjavík skrifað undir þjónustusamning dagforeldra frá því hann var samþykktur á fundi borgarráðs 13. júní 2023. Níu af þeim 60 dagforeldrum sem skrifað hafa undir samninginn eru nýir dagforeldrar sem hafa tekið til starfa frá samþykkt borgarráðs og fá því greiddan stofnstyrk.

II. Skil dagforeldra á yfirliti yfir skráð börn í gæslu

Með vísan til 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 skulu dagforeldrar skila yfirliti yfir skráð börn í gæslu, staðfest af eftirlitsaðila og foreldri barns.

Dagforeldrar senda daggæsluráðgjöfum afrit af dvalarsamningum barna sem skráð eru í daggæslu og mánaðarlega senda dagforeldrar yfirlit yfir börn sem verða í vistun hjá þeim í mánuðinum á eftir. Daggæsluráðgjafar bera upplýsingar saman við innsenda dvalarsamninga dagforeldra til staðfestingar á vistun og senda upplýsingarnar til fjármálaþjónustu skóla- og frístundasviðs sem sér um að greiða dagforeldrum niðurgreiðslur vegna barna með lögheimili í Reykjavík. Fjármálaþjónusta skóla- og frístundasviðs greiðir einnig niðurgreiðslur til dagforeldra í öðrum sveitarfélögum vegna barna með lögheimili í Reykjavík.

III. Óboðaðar eftirlitsheimsóknir

Með vísan til 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 skal farið í þrjár óboðaðar eftirlitsheimsóknir á ári.

Í árslok 2024 var búið að fara í allar óboðaðar eftirlitsheimsóknir skv. 35. gr. reglugerðar nr. 907/2005 til allra starfandi dagforeldra í Reykjavík. Komi nýtt dagforeldri til starfa þegar líða tekur á árið, er farið í óboðað eftirlit á starfstöðina samkvæmt áætlun fyrir óboðaðar eftirlitsheimsóknir sem eftir eru það árið. Eftirlitsaðili getur þurft að fara oftari en þrisvar á suma starfsstaði ef dagforeldrar eru ekki heima, eru veikir þegar hann kemur á staðinn eða til að fylgja eftir athugasemdum úr óboðuðu eftirliti.

Ef gerðar eru athugasemdir í eftirlitsheimsóknum sem þarf að bregðast við koma eftir atvikum daggæsluráðgjafar skóla og frístundasviðs og fagaðilar af leikskólaskrifstofu og lögfræðiþjónusta að því.

Rafræn eftirlitsskýrsla er fyllt út af eftirlitsaðila í eftirlitsheimsókn. Búið er að skrá inn í skýrsluna fyrir eftirlitsheimsóknina nafn/nöfn dagforeldra og barna sem viðkomandi dagforeldri hefur skráð í vistun hjá sér áður en eftirlitsheimsóknin fer fram. Í eftirlitsheimsókn kannar eftirlitsaðili hvort fjöldi barna og skráning þeirra sé rétt samkvæmt innsendum gögnum til skóla- og frístundasviðs frá viðkomandi dagforeldri. Í eftirlitsskýrslunni er einnig listi yfir öryggisatriði og aðbúnað vegna daggæslu barna í heimahúsum sem eftirlitsaðili fer yfir í eftirlitsheimsókninni.

Að lokum er vert að nefna að dagforeldri fær auk þessara þriggja óboðaðra eftirlitsheimsókna að jafnaði eina boðaða ráðgjafaheimsókn á ári.

Viðbrögð vegna eftirlitsheimsókna:

a) Eftirlit án athugasemda

Geri eftirlitsaðili engar athugasemdir við daggæslu á tilteknum vistunarstað er dagforeldri send skýrsla innan fimm virkra daga frá því að eftirlitið fór fram. Dagforeldri hefur fimm virka daga til að gera athugasemd við skýrsluna. Komi ekki fram athugasemdir telst skýrslan samþykkt af hálfu dagforeldris. Í langflestum óboðuðum eftirlitsheimsóknum árið 2024 var eftirlitið án athugasemda.

b) Aðbúnaði barna ábótavant – leiðbeiningar og stuðningur

Séu gerðar minniháttar athugasemdir í eftirliti skv. 36 gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum sendir eftirlitsaðili dagforeldri skýrslu innan 3 virkra daga frá því að eftirlitið fór fram. Dagforeldri hefur að jafnaði fimm virka daga til að gera athugasemdir

við skýrsluna, annars telst hún samþykkt. Geri dagforeldri strax úrbætur sem eru fullnægjandi, telst málinu lokið. Bregðist dagforeldri ekki við, eða með ófullnægjandi hætti, upplýsir eftirlitsaðili fagaðila daggæslumála á leikskólaskrifstofu, um athugasemdir eftirlitsaðila með tölvupósti. Fagaðili daggæslumála á leikskólaskrifstofu og daggæsluráðgjafar fylgja athugasemdunum eftir með heimsókn til dagforeldra að jafnaði innan þriggja virkra daga eftir athugasemdir eftirlitsaðila. Í kjölfarið ber dagforeldri að gera viðeigandi úrbætur.

Athugasemdir undir þessum lið geta snúið að öryggisþáttum eins og sjúkrakassa, slökkvitæki eða reykskynjara, aðbúnaði barna sé á einhvern hátt ábótavant, eitthvað bendi til þess að ekki fari nægilega vel um barn eða að skilyrði til leyfisveitingar séu ekki lengur fyrir hendi.

Í 29 tilfellum á árinu 2024 voru gerðar athugasemdir að aðbúnaði barna væri ábótavant. Í langflestum tilfellum brugðust dagforeldrar hratt við athugasemdum og úrbætur gerðar mjög fljótt eftir að eftirlitsheimsókn fór fram og í öllum tilfellum 2024 var málum lokað. Flestar athugasemdir eftirlitsaðila sneru að því að yfirfara þyrfti slökkvitæki eða í 12 tilfellum. Sex athugasemdir voru gerðar vegna skráninga barna í daggæsluna þar sem skráningu barna með lögheimili utan Reykjavíkur var ábótavant, þrjá athugasemdir voru gerðar vegna reykskynjara, tvær athugasemdir voru gerðar vegna þess að það vantaði innihald í sjúkrakassa og tvær vegna neyðarhnapps. Ein athugasemd var gerð vegna inni leiksvæðis, ein vegna opinna rafmagnsinnstungu, ein vegna eldvarnarteppis og ein vegna starfsleyfis sem þurfti að endurnýja.

c) Barn telst í hættu statt – viðeigandi ráðstafanir

Séu gerðar meiriháttar athugasemdir í eftirliti skv. 37 gr. reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum gerir eftirlitsaðili fagaðila daggæslumála á leikskólaskrifstofu strax viðvart um athugasemdirnar.

Athugasemdir undir þessum lið geta snúið að því að aðbúnaði barna sé ábótavant, fjöldi barna sé umfram það sem leyfi kveður á um eða grunur sé um ofbeldi, vanrækslu eða skorti á umönnun eða öryggi barna í daggæslunni.

Gerð var ein athugasemd undir þessum lið og snéri hún að fjölda barna í vistun. Brugðist var hratt við athugasemdum eftirlitsaðila.

IV. Viðhorfskannanir

Viðhorf foreldra til daggæslu:

Viðhorfskönnun foreldra til þjónustu dagforeldra var lögð fyrir í ágúst 2024 og stóð gagnaöflun fram til janúar 2025. Slík könnun er gerð annað hvert ár. Þetta var í tíunda sinn sem viðhorfskönnun var gerð meðal foreldra yngstu barnanna en sú fyrsta var gerð árið 2006. Markmið könnunarinnar er að kanna viðhorf foreldra til þjónustu dagforeldra og þjónustu Reykjavíkurborgar við þennan málaflokk.

Helstu niðurstöður könnunarinnar voru eftirfarandi:

Svarhlutfall foreldra við könnuninni var 64% og sýndu niðurstöður hennar að 93% foreldra var ánægt með þjónustu dagforeldris.

Meirihluti foreldra höfðu hafið leit að vistun fyrir 4ra mánaða aldur barns, eða 76%.

Rúmlega helmingur eða 55% barna var eldra en 12 mánaða þegar það hóf vistun hjá dagforeldri, 32% barna voru á aldrinum 10-12 mánaða og 13% barna voru 9 mánaða eða yngri.

63% foreldra höfðu sótt um vistun hjá dagforeldri á fleiri en einum stað og þar af stóð 27% þeirra til boða að þiggja vistun hjá fleiri en einu dagforeldri.

Algengast var að foreldri hafi heyrt um dagforeldri í gegnum vini, kunningja eða fjölskyldu, alls 39% og 31% foreldra hafði fengið upplýsingar í gegnum heimasíðu Reykjavíkurborgar. 13% foreldra höfðu fengið upplýsingar í gegnum auglýsingu frá dagforeldri á facebook.

95% foreldra upplifðu að barnið þeirra væri mjög eða frekar öruggt í daggæslunni og sama prósentu foreldra, 95% töldu að barninu þeirra liði almennt vel eða hafi almennt liðið vel í daggæslunni.

89% foreldra var ánægt með aðstöðu daggæslunnar og 68% foreldra var ánægt með staðsetningu hennar.

Um helmingur foreldra eða 52% voru ánægð með kostnað vegna daggæslu.

Einungis 13% foreldra vissu af daggæsluráðgjöfum og hlutverki þeirra, af þeim höfðu 35% heyrt af daggæsluráðgjöfunum í gegnum dagforeldri, 30% séð upplýsingar um daggæsluráðgjafa á heimasíðu borgarinnar og 26% frétt af þeim frá vinum, ættingjum og/eða öðrum foreldrum.

Að lokum gátu foreldrar komið á framfæri öðru varðandi daggæsluna. Flest svörin voru hrós til núverandi dagforeldris. Þar á eftir kom óánægja varðandi umsóknarferli og erfiðleika við að finna pláss hjá dagforeldri, óánægja varðandi kostnað forsjáraðila til dagforeldra, um að það vanta meira gagnsæi varðandi kostnað og niðurgreiðslu, óánægja með dagforeldrakerfið og stöðu leikskólamála.